


RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1992

XI

FUNDIN 2 SKIPSFLÖK VIÐ
FLATEY Á BREIÐAFIRÐI

Guðmundur Ólafsson



FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1992 REYKJAVÍK

(C) 1992 Guðmundur Ólafsson

Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis höfundar.

Skýrslan er fjölrítuð í 10 eintökum

FUNDIN 2 SKIPSFLÖK VIÐ

FLATEY Á BREIÐAFIRÐI

Þann 26. ágúst komu áhugakafararnir Erlendur Guðmundsson, Látraströnd 7, Seltjarnarnesi og Sævar Árnason, Tungötu 22, Tálknafirði á Þjóðminjasafnið og afhentu muni sem þeir höfðu fundið við Flatey á Breiðafirði. Einnig gáfu þeir litljósmyndir sem þeir höfðu tekið af skipunum neðansjávar.

Yngra skipið

Aðdragandi þess var að þeir höfðu sem oftast verið að kafa í höfninni þann 8. ágúst s.l., þegar þeir fundu skipsflak á sjávarborni sem lá þar upp í fjöruna á Hafnarey. Virtist flakið snúa í austur-vestur. Talið er að þetta séu leifar af fiskiskútu sem þar fórst um aldamótin. Ýmsir munir og skipshlutar sáust í og umhverfis flakið og voru nokkrir teknir þaðan. Þar má nefna eftirfarandi:

1. Glerkúpull innan úr skipslugt.
2. Blár glerkúpull af skipslugt.
3. Rauður glerkúpull af skipslugt.
4. 7 kopartear sem eiga við kúpulinn.
5. Hverfisteinn.
6. Járnstykki.
7. Sakka úr járn.
8. Tvö bönd úr járnútan um mastur.
9. Blökk.
10. Blakkarhjól.
11. Járn hjól úr blökk.
12. Hluti af lás og lóm af kistu.
13. Vínflaska úr grænu gleri.

Eldra skipið


Þann 22. ágúst fundu Erlendur og Sævar leifar af öðru skipsflaki skammt frá hinu fyrra. Það er um 15 - 20 m frá landi og virðist snúa í norður suður. Hreinsuðu þeir ofan af um 4 x 4 m svæði og komu þar niður á langband og þverbönd úr eik. Virtist viðurinn vera vel varðveittur, nema hvað þau borð sem voru austanmegin við kjöllinn virtust vera brunnin.

Þetta skip virtist vera mun eldra en fyrri skútan, og vöknúðu upp vangaveltur


um að þarna gæti verið um að ræða leifar afhollensku fari, sem greint er frá í annálum að hafi farist á þessum slóðum árið 1659. Við hlið flaksins lá diskur úr hvítu postulíni með bláu munstri. Virðist það vera hollenskt postulín frá 17. öld og er munstrið eftirlíking af austurlensku munstri. Úr þessu skipi var diskurinn hirtur og allþykkur viðarbútur, líklega úr eik.

Vegna hugsanlegrar eyðingar taldi forvörður þjóðminjasafnsins Kristín H. Sigurðardóttir ekki hættandi á að láta hreinsa meira ofan af skipunum, sem nú eru þakin sandi og sjávargróðri.

Í framhaldi af þessum fundi ákvað þjóðminjavörður að senda 2 fornleifafræðinga til Flateyjar til að kanna aðstæður betur og gefa skýrslu um málið og fékk Bjarni Einarsson og Kristinn Magnússon til fararinnar.



Skarð af þess Elands
 Guldmyndssögn
 og Sevaar Árnasögn
 26/3 1992



Fallbyssir

Master
 Fallbyssur?
 SKIPSLAK (fishiskuta?)
 fundið 3/8'92

frá 1659?
 (meint hollenskt far?)
 SKIPSLAK
 fundið 22/8'92

ca 15-20 m
 af þess Elands

26/2'92

PÓSTHÓLF 1489



IS-121 REYKJAVÍK

SÍMI 91-28888

SÍMBRÉF 28967

985-33392
S 625997

Skissa af skip-fleki; fundið 22/2 1992 af Erlendri Guðmundssyni
og Sevari Arnasyni.
Flakið er á ca 6 m dýpi
S. 94-2686 og 2688



← 0,4 →

← 0,36 →

← 0,18 →



Diskar

ca 4 m

26/8'92

PÓSTHÓLF 1489

IS-121 REYKJAVÍK


SÍMI 91-28888

SÍMBRÉF 28967

985-33597
S. 625997

Skissa af skipstleki; fundið
Flakið er á ca 6 m dýpi

22/8 1992 af Erlendur Guðmundsson
og Sævari Arnasyni.
S. 99-2686 og 2687



Tekni. Ed. Guð. 26/8'92